



Reykjavík, 9. apríl 2024
MSS24030094

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Börn á leikskóla- grunnskóla- og framhaldsskólaaldri í kjölfar fjölskyldusameiningar fólks frá Palestínu

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. apríl 2024 var lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. mars 2024, um skóla- og fjölskyldumiðstöð fyrir börn á leikskóla- grunnskóla- og framhaldsskólaaldri í kjölfar fjölskyldusameiningar fólks frá Palestínu auk umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 26. mars 2024.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs
Tillöggunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Börn á flóttu eru með þeim viðkvæmustu hópum barna og miklu máli skiptir fyrir ókomna framtíð þeirra að þau fái viðeigandi þjónustu á fyrstu vikum og mánuðum hér á landi. Ávinningurinn er ekki einungis fyrir þennan hóp barna og fjölskyldur þeirra heldur samfélagið allt. Mikil fagþekking hefur skapast hjá starfsfólki Skóla- og frístundasviðs sem nýtist í verkefninu. Meirihlutinn í skóla- og frístundaráði leggur ríka áherslu á að unnið sé vel að því að styðja við þennan hóp og koma til móts við þessi börn og fjölskyldur þeirra sem upplifað hafa hörmungar stríðs. Afar mikilvægt er að ríkið sýni ábyrgð og taki þátt í fjármögnun verkefnis og að fjármagn sé tryggt til framtíðar þannig að skólastarf fyrir þennan hóp barna sé inni í samningum um samræmda móttöku.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Tillaga sviðsstjóra, dags. 26. mars 2024
Umsögn FAS, dags. 26. mars 2024



Reykjavík, 26. mars 2024

MSS24030094

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra varðandi skóla- og fjölskyldumiðstöð fyrir börn á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólaaldri í kjölfar fjölskyldusameiningar fólks frá Palestínu.

Í mars 2024 komu 35 börn til Reykjavíkur á grundvelli fjölskyldusameiningar frá Gaza, Palestínu og eru komin í þjónustu velferðarsviðs á forsendum samræmdrar móttöku flóttafólks. Í þessum hópi eru 15 börn á leikskólaaldri, 19 á grunnskólaaldri og 1 barn á framhaldsskólaaldri.

Skóla- og fjölskyldumiðstöð fyrir börn á aldrinum 0 – 18 ára og fjölskyldu þeirra frá 3. apríl til 30. júní 2024.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur telur mikilvægt að koma á fót skóla- og fjölskyldumiðstöð sem skjóli fyrir börn við komuna til landsins og fyrstu vikurnar í íslensku samfélagi. Í miðstöðinni er gert ráð fyrir þátttöku foreldra og hugsanlega annarra ættingja, jafnvel systkinum sem þegar eru búsett á Íslandi. Þá gætu skjólstæðingar úr öðrum sveitarfélögum komið í þjónustu í miðstöðina. Því er óljóst hver fjöldinn sem myndi sækja miðstöðina yrði.

Skóla- og fjölskyldumiðstöð er tímabundið úrræði til að mæta námslegum og félagslegum þörfum barna á leik- og grunnskólaaldri sem koma til Íslands. Allar rannsóknir sýna að börn sem koma úr stríðshrjáðum aðstæðum eiga við áfallastreitu að stríða. Ljóst er að þessi hópur er að koma úr ómannúðlegum aðstæðum. Það er mikilvægt að skapa griðastað þar sem börn og foreldrar finna fyrir öryggi, rútínu og hlýju. Góð reynsla skapaðist af svona verkefni þegar tekið var á móti Ukraínumönnum í Reykjavík fyrir tveimur árum síðan.

Skóla- og fjölskyldumiðstöðin yrði opin virka daga frá kl. 8:30 – 13:00. Lögð yrði áhersla á eftirfarandi þætti:

- Vettvang fyrir samveru fjölskyldna
- Samfélagsfræðslu
- Stöðumat á námslegri og félagslegri stöðu barna
- Kynningu á leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi (bæði á kerfinu og vettvangsheimsóknir á nærliggjandi starfsstaði)
- Latnesk leturgerð
- Grunnorðaforða í íslensku
- Undirbúning fyrir leik- og grunnskólagöngu
- Undirbúning fyrir foreldra í skólafærni



Reykjavík



Áfallamiðuð nálgun yrði leiðarljós í öllu starfi miðstöðvarinnar með áherslu á náíð og gott samstarf við velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Rauða kross Íslands, Unicef og aðra sem koma að velferð og námi barna. Í skóla- og fjölskyldumiðstöðinni yrði starfandi starfsfólk úr leik-, grunn- og frístundastarfi með þekkingu eða bakgrunn frá Mið-Austurlöndum sem og starfsfólk með góða íslenskukunnáttu. Hugmyndin er að skóla- og fjölskyldumiðstöð fyrir þennan hóp verði starfrækt fram til 30. júní 2024. Skóla- og fjölskyldumiðstöðin er blíð byrjun inn í almennt skóla- og frístundastarf í Reykjavík.

Lagt er upp með að starfsemi skóla- og fjölskyldumiðstöðvar fari fram í húsnæði borgarinnar í nálægð við leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili/félagsmiðstöð samkvæmt ákvörðun sviðsstjóra.

Fjármögnun

Verkefnið er fjármagnað að hluta úr ramma SFS en viðbótarfjármagn þarf til að verkefnið verði að veruleika.

Úr ramma SFS

- Verkefnastjóri í 50% starfi
- Brúarsmiður í 80% starfi
- Tveir verkefnastjórar í fjölmenningu sem sjá um umsýslu og yfirumsjón með verkefninu, samskipti við velferðarsvið og grasrótarsamtök sem koma að verkefninu.
- Húsnæði undir starfsemina.
- Stuðningur frá nágrannaskóla.

Viðbótarfjármagn sem verkefnið þarf:

	Fjöldi	Laun og Itg.	Mánuðir	Kostnaður 2024
Verkefnisstjóri/Deildarstjóri	0,50	1.200.000	3,5	2.100.000
Grunnskólakennari	1,00	1.000.000	3,5	3.500.000
Brúarsmiður	0,25	1.000.000	3,5	875.000
Frístundaleiðbeinandi	2,00	750.000	3,5	2.625.000
Rekstrarkostnaður				1.000.000
Matarkostnaður				3.000.000
Samtals	3,75			13.100.000

Skóla- og frístundasvið mun sækja um styrk frá mennta- og barnamálaráðuneytinu til að mæta þeim viðbótarkostnaði sem af verkefnin hlýst. Umsóknarfrestur í þann sjóð er 3. apríl 2024 en niðurstaða fæst ekki fyrr en um miðjan apríl.

Farið er þess á leit að borgarsjóður tryggi fjármögnun verkefnisins þannig að skóla- og frístundasvið fái viðbótarfjárheimild að allt að 13.100.000 kr. Endanleg viðbótarfjárheimild verði ákveðin í lok verkefnisins og taki m.a. mið af afgreiðslu ráðuneytis á styrkbeiðninni. Borgarráð hefur óskað eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs.





Umsögn

Viðtakandi: Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Tillaga sviðstjóra um stofnun skóla- og fjölskyldumiðstöðvar fyrir börn á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólaaldri í kjölfar fjölskyldusameiningu fólks frá Palestínu.

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um stofnun stofnun skóla- og fjölskyldumiðstöðvar fyrir börn á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólaaldri í kjölfar fjölskyldusameiningu fólks frá Palestínu. Með tillögunni fylgir kostnaðarmat sviðsins uppá 13,1 m.kr.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur telur mikilvægt að koma á fót skóla- og fjölskyldumiðstöð sem skjól fyrir börn við komuna til landsins og fyrstu vikunnar í íslensku samfélagi. Í miðstöðinni er gert ráð fyrir þátttöku foreldrum og hugsanlega annarra ættingjum, jafnvel systkinum sem þegar eru búsett á Íslandi. Þá gætu skjólstæðingar úr öðrum sveitarfélögum komið í þjónustu í miðstöðinni. Því er óljóst hver fjöldinn sem myndi sækja miðstöðina yrði. Skóla- og fjölskyldumiðstöðin er opin virka daga frá kl. 8:30 – 13:00. Hugmyndin er að skóla- og fjölskyldumiðstöð fyrir þennan hóp verði starfrækt fram til 30. júní 2024. Skóla- og fjölskyldumiðstöðin er blíð byrjun inn í almennt skóla- og frístundastarf í Reykjavík.

Fjármála- og áhættustýringarsvið gerir ekki athugasemd við kostnaðarmatið, en þrátt fyrir það þá er óljóst hver kostnaður Reykjavíkurborgar verður við verkefnið. Má þá nefna óvissu vegna fjölda þátttakanda ásamt því að óljóst er hvort styrkur verður veittur til verkefnisins frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Fjármála- og áhættustýringarsvið bendir á að ekki er gert ráð fyrir þessum kostnaðarauka í fjárhagsáætlun 2024 og því yrði að skoða breytta forgangsröðun fjárheimilda sviðsins eða leita annarra leiða til að fjármagna verkefnið.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.